

Afbrotatölfræði

Júlí 2010

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Hér eru birtar niðurstöður greiningar á afbrotatölfræði fyrir júlí 2010. Til samanburðar er horft til sama mánaðar síðustu ára.

Hegningarlagabrotum hefur fækkað. Þau voru 1.158 í júlí síðastliðnum en 1.350 árið 2009. Umferðarlagabrotum fjölgaði hins vegar og voru 6.433. Þau hafa ekki verið fleiri á síðustu 6 árum. Fíkniefnabrot voru 202 sem eru rúmlega helmingi fleiri brot en árið á undan en þá voru þau 89 (mynd 1).

Hraðakstursbrot voru 5.150 en þeim fjölgaði um 10% milli ára. Þjófnaðarbrotum fækkaði um 16%, innbrotum og eignaspjöllum um 21% og brotum vegna ölvunar við akstur um 16%. Áfengislagabrotum fjölgaði um 27%, líkamsárásam um 15% og brot vegna aksturs gegn rauðu ljósi tvöfölduðust (tafla 1). Fíkniefnabrotum fjölgaði um 127% milli ára en þau voru óvenju fá 2009. Hafa þarf í huga að verslunarmannahelgin var að hluta til í júlímánuði í ár en henni hafa löngum fylgt fíkniefnabrot. Að auki sinni lögreglan sérstöku fíkniefnaeftirliti í aðdraganda verslunarmannahelgarnnar.


Á árunum 2000 til 2009 hefur 19 einstaklingum verið ráðinn bani samkvæmt skilgreiningu 211. gr. hegningarlaga. Yfirleitt eru tengsl milli gerenda og þolenda. Tvö tilvik eru þar sem tengsl voru engin. Þegar horft er til áður nefnds tímabils má sjá að 5 konur og 2 stúlkur eru fórnarlömb og 12 karlar. Þetta þýðir að konur eru 37% þolenda en 79% gerenda eru karlar (mynd 2).



Mynd 1. Fjöldi brota í júlí 2005-2010 eftir tegund brots.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í júlí 2008, 2009 og 2010.

	Júlí 10	Júlí 09	Júlí 08
Hraðakstursbrot	5.150	4.670	4.203
Þjófnaðarbrot	390	462	339
Eignaspjöll	240	304	235
Innbrot	238	302	267
Ölvun við akstur	139	166	191
Fíkniefnabrot	202	89	161
Áfengislagabrot	80	63	71
Líkamsárás (217.-218. gr.)	99	86	100
Akstur gegn rauðu ljósi	44	22	33
Nytjastuldur	40	40	42



Mynd 2. Kyn gerenda og þolenda manndrápa samkvæmt 211. gr. hegningarlaga á árunum 2000-2009.

Afbrotatölfræði

Júlí 2010

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í júlí 2008, 2009 og 2010 greint eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot*			Fíkniefnabrot		
	2010	2009	2008	2010	2009	2008	2010	2009	2008
Akranes	24	43	16	51	58	132	2	5	12
Akureyri	53	65	52	123	259	356	12	9	10
Blönduós	11	3	5	239	188	322	1	3	1
Borgarnes	13	16	21	868	1.660	741	9	5	1
Eskifjörður	15	14	6	358	497	467	3	4	3
Húsavík	13	13	12	32	104	85	2	0	0
Hvolsvöllur	18	12	20	189	388	486	16	2	16
Höfuðborgarsvæðið	839	990	839	2.547	1.641	1.926	102	33	72
Sauðárkrókur	6	9	5	83	82	103	2	0	3
Selfoss	52	39	62	1.263	307	350	10	6	14
Seyðisfjörður	8	5	17	60	67	94	0	3	2
Snæfellsnes	8	20	17	78	139	58	4	3	2
Suðurnes	46	76	91	445	398	663	6	7	15
Vestfirðir	11	23	19	64	49	87	1	1	4
Vestmannaeyjar	41	22	16	33	23	38	32	8	6
Alls	1.158	1.350	1.198	6.433	5.860	5.908	202	89	161

*Stafrænar hraðamyndavélar eru í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, á Eskifirði, á höfuðborgarsvæðinu (Hvalfjarðargöng), á Selfossi og á Suðurnesjum.

Í töflu 2 koma fram upplýsingar um fjölda hegningarlagabrot, umferðarlagabrot og fíkniefnabrot eftir umdæmum. Í júlí voru flest hegningarlagabrot skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða 839. Hjá lögreglunni á Akureyri voru þau 53 og á Selfossi 52. Hegningarlagabrotum fækkaði um 14%.

Umferðarlagabrotum fjölgaði um 10% milli ára. Flest voru þau á höfuðborgarsvæðinu eða 2.547 en 1.263 hjá lögreglunni á Selfossi. Hraðakstursbrot eru 80% allra umferðarlagabrot. Í umdæmum þar sem hraðakstursbrot eru áberandi mörg eru hraðamyndavélar.

Fíkniefnabrotin voru 202 en árið á undan voru þau 89 og 161 árið 2008. Helmingur brotanna var skráður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eða 102. Mikil fjölgun var hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum en þar voru skráð 32 brot. Áhrifa verslunarmannahelgarinnar og sérstaks fíkniefnaeftirlits gætir án ef í fjölda fíkniefnabrot á júlí eins og áður segir.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. ágúst 2010. Tölur fyrir árin 2009 og 2010 eru bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni. Önnur verkefni sem lögregla sinnir koma ekki fram í samantektinni. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.